

Síðasti aðalfundur haldinn 12. mars 2015. Síðan þá hefur margt á dagana drifið og verður hér getið þess helsta.

Við það tækifæri hélt Margrét Björk Magnúsdóttir fornleifafraeðingur fyrirlestur, byggðan á MA ritgerð sinni, um *Fornleifar á Kjalarnesi*. Megin markmið hennar var að fá yfirsýn yfir skráðar fornminjar á Kjalarnesi með því að greina þær í minjaflokka sem hugsaðir eru sem yfirflokkar fyrir skýringarstaðla fornleifa í vörslu Minjastofnunar Íslands. Í erindinu fjallaði Margrét Björk um niðurstöður rannsóknar sinnar. Það er mikill fengur fyrir Kjalnesinga að fá þessar upplýsingar um fornleifar á svæðinu en þær eru fjölmargar og snerta m.a. sjávarútveg, verslun og viðskipti, samgöngur, sveitabúskap, trú og hefðir, stríðsminjar og og margt fleira. Við sama tækifæri sýndi sr. Gunnþór Þ. Ingason, prestur helgihalds og þjóðmenningar, myndir úr klausturkirkjunni á eyinni helgu Iona við vesturströnd Skotlands. Þar er keltneskur kross sem hann styðst við í hönnun sinni á útliti á útialtari því sem verið er að undirbúa í landi Esjubergs til minningar um kirkju þá sem talið er að Örlygur Hrapppsson hafi reist um 900, sbr. *Landnámu*.

Verkefni Sögufélagsins á þessu tímabili hefur að miklu leytti snúist um undirbúning að byggingu útialtarins við Esjuberg. Vorið 2015 fengum við hleðslumanninn Ara Óskar Jóhannesson til ráðleggingar um hleðsluna og efnisval sem hann telur eðlilegast að tekið sé úr nágrenninu. Rætt var um kosnað og stærð altarins. Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, landslagsarkitekt, tók að sér að gera líkan að altarinu og teikningar út frá hönnun sr. Gunnþórs. Í byrjun maí það ár mætti stjórnin á Esjubergi, ásamt Ara Óskari, sr. Gunnþóri, Sigurborgu og fleiri velvildarmönnum félagsins, til að mæla fyrir altarinu og skoða grjótið í nágrenninu sem reyndist vel nothæft. Önnur rannsóknarferð var farin að Esjubergi 10. maí til frekari athugunar um staðsetningu útialtaris og skipulagningar. Þá var einnig með í för Margrét Björk fornleifafraeðingur og skoðaði svæðið með það í huga að fornleifar væru ekki í hættu vegna staðsetningar útialtaris. Í lokin fór sr. Gunnþór með blessunarorð við svæðið og sálmur var sunginn. Munnlegt samkomulag er um leyfi landeiganda Arnar Kærnesteds fyrir verkefninu.

Fyrsta skóflustunga var tekin að útialtarinu sunnudaginn 8. maí 2016. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir tók þar skóflustungu að útialtari ásamt sr. Þórhildi Ólafs. prófasti Kjalarnessprófastsdæmis, Hrefnu Sigríði formanni Sögufélagsins Steina, Birni Jónssyni

formanni sóknarnefndar Brautarholtskirkju og fermingar barninu Benedikti Torfa Ólafssyni. Prófaturinn sr. Þórhildur Ólafs, leiddi helgistundina að keltneskum sið. Veður var ágætt og var þetta hin ánægjulegasta stund sem við áttum þarna undir Esjuhlíðum. Kaffi og meðlæti var í Fólkvangi eftir athöfnina þar sem 9. bekkingar Klébergsskóla sáu um veitingar. Þessi viðburður var hluti af árlegum Kjalarnesdögum.

Sr. Hreinn Hákonarson átti hugmynd að bráðabirgðarskilti sem sett var upp, í byrjun júní sl. við fyrirhugað útialtari með upplýsingum um framkvæmdirnar. Þar gengu félagar úr stjórn Sögufélagsins vasklega til verks þeir Theodór, Ólafur og Bjarni. Auk þess stakk sr. Hreinn upp á þeirri hugmynd að setja þar hestasteina sem hafa komið að góðum notum, sbr. gesti þá sem komu ríðandi á viðburðinn þann 8. maí. Guðni Ársæll Indriðason á Melum sá um að koma steinunum fyrir.

Undirbúningsframkvæmdir voru í maí og júní 2016. Jarðvegur var skafinn af hringlaga svæði með 9 m radius og möl ekið í svæðið. 12. júní sl. var annar merkisdagur í framkvæmdasögu útialtaris en þá var altarissteinninn, um 11 tonn, fluttur úr grjótnámunni austan við Esjuberg að fyrirhuguðum altarisstað austan við bæinn Esjuberg. Það má nefna að menn víluðu sér ekki fyrir þessari framkvæmd þó yfir staði æsilegur leikur Íslendinga við Portúgali í Evrópukeppninni í fótbolta sem endaði, eins og menn muna, með jafntefli. Svo mikil er fórnfýsin þegar kemur að framkvæmdum sem snerta hið góða Sögufélag okkar á Kjalarnesi. Framkvæmdin tókst vel í alla staði og nýtur altarissteinninn sín ljómandi vel.

Með þessum framkvæmdum er merkur áfanga náð. Hafin er vinna við gerð útialtaris til minningar um kirkju þá sem talið er að Örlygur Hrapsson hafi reist um 900. Kirkjan var helguð heilögum Kolumkilla dýrtingi Íra. Útialtarið er sem fyrr segir vænt grettistak sem sótt var í Esjubergsnámurnar. Það er hringlaga og hannað út frá formi hins keltnesks kross og áætlað að heildar þvermál þess verði um 21 metrar. Síðan verður hlaðið með grjóti og torfi í kring og með tré/steinbekkjum. Upp úr altarinu mun rísa veglegur keltneskur kross sem sr. Gunnþór Þ. Ingason hannar. Sigurborg Haraldsdóttir hefur, sem fyrr segir, séð um teikningar á altarinu samkvæmt hugmynd og hönnun sr. Gunnþórs, allt unnin í nánu samráði við Sögufélagið Steina sem heldur utan um verkefnið.

Hin árlega helgistund að Esjubergi var síðan haldin laugardaginn 25. júní 2016. Sr. Gunnar Kristjánsson fyrrv. prófastur og sr. Gunnþór Þ. Ingason sáu um helgihald. Kaffi og meðlæti var í Fólkvangi í umsjón 9. bekkjar Klébergsskóla, sem fyrr.

Fleira hefur drifið á daga Sögufélagsins Steina.

Svo vildi skemmtilega til að í byrjun maí 2015 (2. maí) fékk Sögufélagið heimsókn frá Noregi. Þar komu um 30 háskólanemendur í fylgd kennara síns, Jóns Gunnars Jörgensens prófessors í norrænum fræðum við Háskólann í Osló. Hrefna Sigríður formaður og Theodór gjaldkeri fóru með hópinn í fræðslu- og skoðunarferð um helstu sögustaði *Kjalnesinga sögu*. Veður var með eindæmum gott og tókst ferðin vel. Á eftir var hópnum boðið í veitingar í Fólkvangi sem Guðlaug ritari átti veg og vanda að að undirbúa. Þetta var mjög ánægjuleg stund sem við áttum þarna saman og skildust frændþjóðirnar sáttar við sitt. Við getum við vel hugsað okkur fleiri slíkar heimsóknir. Það er heilmikil saga sem við eigum hér á Kjalarnesinu sem við viljum svo sannarlega deila með sem flestum. Ekki er hér aðeins um *Kjalnesinga sögu* að ræða, einnig er hér mjög mikið af fornminjum í jörðu frá ýmsum tímum.

Þá komum við að öðru verkefni sem tengist þessu náið en sl. vor 2016 fékk Páll Heimir Pálsson styrk frá borginni til að taka drónamyndir af minjum á Kjalarnesi og í samráði við Margréti Björku fornleifafræðing þá lögðum við áherslu að taka fyrst myndir af minjum við sjóinn sem eru í hættu, verbúðir. Verkefnið er í vinnslu. Þetta er stórkostleg tækni sem tekur mjög skýrar og góðar myndir af minjum í náttúrunni.

Haustið 2015 var unnið að nýju fræðsluskilti um fugla og örnefni tengd fuglum (sjötta fræðsluskilti Steina). Var það sett upp í júlí 2016 á áningarstað á fjörukambinum neðan við Sjávarhóla. Valdir voru 12 fuglar, þekktum á Kjalarnesi. Við val fuglanna leituðum við til Kjalnesinga og settum fyrispurn á kjalarnessíðuna okkar á facebook. Undirtektir voru mjög góðar og einnig fengum við góða hjálp frá leikskólabörnunum á Bergi sem sýndu málinu einnig mikinn áhuga. Þökkum við heimamönnum hjálpina við val fuglanna sem var síður en svo auðvelt verkefni.

Undanfarið og framundan er helsta verkefni okkarí Sögufélaginu að afla fjár til byggingar útaltarisins. Margt gott fólk hefur nú þegar styrkt okkur og skal þar nefna: Kjalarnesprófastdæmi, Hverfisráð Kjalarness og Sóknarnefnd Brautarholtskirkju, samtals

1250 þúsund kr. Oddný og Árni Snorrabörn og Ólafur Friðriksson gáfu myndarlegt 11 tonna grettistak sem altari. Sögufélagið Steini þakkar kærlega fyrir þessar góðu gjafir og alla aðra aðstoð og velvild góðra manna í garð félagsins.